

***BORGARRÁÐ 25. júní 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um Græna  
planið - R20060016***

Hvernig bætir Jarðhitagarður á Hellisheiði Græna planið? Hvað er Græn þjónusta borgarinnar - grænn rekstur - græn skref borgarinnar? Hér þarf að fylgja nánari útskýringar til þess að hinn almenni borgarbúi átti sig á hvað liggur að baki. Hvað er aukið aðgengi að hollum mat? Er ekki aðgengi að hollum mat gott nú? Er það kannski verðið á hinum „holla“ mat sem er takmarkandi frekar en aðgengið? Á að gera átak í flokkun og endurnýtingu fyrirtækjasorps? Talsmenn SORPU bs. hafa sagt að hreinsunin í GAJU muni koma í stað flokkunar á upprunastað.